

## **Heinisch gegn Þýskalandi**

**Dómur frá 21. júlí 2011**

**Mál nr. 28274/08**

**10. gr. Tjáningarfrelsi**

***Heilbrigðisstarfsmenn. Frelsi til tjáningar um vinnuveitanda. Almannahagsmunir.***

### **1. Málsatvik**

Kærandi, Brigitte Heinisch, er þýskur ríkisborgari, fædd árið 1961 og býr í Berlín. Hún starfaði sem hjúkrunarkona hjá fyrirtæki sem sérhæfir sig í umönnun aldraðra en fyrirtækið er í eigu sambandslandsins Berlínar. Frá því í janúar 2002 hefur kærandi starfað á dvalarheimili í eigu fyrirtækisins en þar búa aldraðir sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Kæranda var sagt upp störfum í janúar árið 2005, með þriggja mánaða uppsagnarfresti, vegna endurtekinna veikindaforfalla hennar. Kærandi, stéttarfélag hennar og vinir gáfu þá út bækling þar sem því var haldið fram að með uppsögninni ætlaði vinnuveitandi kæranda að þagga niður í starfsmönnum fyrirtækisins sem vissu margt misjafnt um starfshætti þess. Fram kom í bæklingnum að kærandi hefði fyrir nokkru kært fyrirtækið fyrir svik, enda væri þjónusta fyrirtækisins ekki í samræmi við kynningarefni þess og vistmenn væru í sífelldri hættu vegna þessa. Fyrirtækið brást við með því að segja kæranda upp þegar í stað. Tilefni uppsagnarinnar var aðild kæranda að útgáfu bæklingins. Fyrirtækið hélt því fram að því hefði ekki verið kunnugt um að rannsókn sem það hafði sett ætti uppruna sinn að rekja til kæranda. Kærandi höfðaði mál gegn fyrirtækinu vegna ólögmatrar uppsagnar. Þýskir dómstólar töldu að þar sem að kærandi hafði kært þáverandi vinnuveitanda sinn til lögreglu hefði verið heimilt að segja kæranda upp fyrirvaralaust.

### **2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum**

#### ***Kæran***

Kærandi hélt því fram að uppsögn hennar og viðbrögð þýskra dómstóla við kröfum hennar hefðu brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

#### ***Niðurstaða***

Ljóst þótti að upplýstrun kæranda um aðstæður á dvalarheimili í eigu vinnuveitanda hennar nyti verndar 10. gr. sáttmálans og að tjáningarfrelsi hennar hefði verið takmarkað með uppsögn hennar. Dómstóllinn taldi einnig að reglur um riftun vinnusamninga væru nægilega lögfestar í þýskum rétti sem og að þær stefndu að málefnalegum markmiðum.

Við mat á því hvort meðalhófs hafði verið gætt tók dómstóllinn fram að kæra kæranda til lögreglu hefði verið í þágu almannahagsmuna. Gögn bentu til þess að kærandi hefði raunverulega talið að vinnuveitandi hennar hefði framið refsivert athæfi og að eftirlitsaðilar hefðu talið að ástandið á vinnustað hennar væri ekki eins og best yrði á kosið. Talið var að hagsmunir almennings að fá upplýsingar um aðbúnað aldraðra á stofnun í eigu hins opinbera ættu að vega þyngra en orðspor og viðskiptahagsmunir vinnuveitanda kæranda. Loks lagði dómstóllinn áherslu á hversu alvarlegu úrræði hefði verið beitt gegn kæranda og að beiting þess fældi án efa starfsfólk í heilbrigðiskerfinu öllu frá því að láta í té upplýsingar um hættulegar aðstæður í vinnuumhverfi þeirra.

Í ljósi ofangreinds var talið að þýskir dómstólar hefðu ekki gætt meðalhófs í meðferð sinni á máli kæranda og að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans. Kæranda voru dæmdar 10 þúsund evrur í miskabætur og 5 þúsund evrur í málskostnað.